# Tónleikar framundan á Kópaskeri

**28. apríl** - fimmtudagskvöld - vortónleikar Kirkjukórs Snartarstaðakirkju

**9. maí** - mánudagur - Mummi og Alda Dís

**24. maí** - þriðjudagur - Þjóðlagadúóið LalomA, nikka/flauta, harpa.

Tvennir hinna síðasttöldu tónleika eru haldnir í samstarfi við Flygilvini – tónlistarfélag við Öxarfjörð, eins og tónleikarnir 22. apríl sem auglýstir eru inni í fréttabréfinu.

# Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.
Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið **skeglan@simnet.is** eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 27. apríl 2016.
Gjaldskrá: Hálfsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

*Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir*

*Fréttabréf á Langanesi og nágrenni*
*16. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 20. apríl 2016*

## Öxarfjörður í sókn, íbúafundur 27. apríl

Verkefnið *Öxarfjörður í sókn* býður til upplýsinga- og umræðufundar í Skólahúsinu á Kópaskeri þann 27. apríl á milli kl. 17:00 og 19:00.
Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- Drög að framtíðarsýn og markmiðum verkefnisins
- Næstu skref
- Önnur mál

**Allir hvattir til að koma og kynna sér málin. Kaffi á könnunni.**






**Heilbrigðisstofnun Norðurlands:**

## Starfskraftur óskast til afleysinga á Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri

Um er að ræða starf læknaritara/móttökuritara og ræstitæknis við heilsugæslustöðvarnar þrjár.

Þórshöfn: frá 11. júlí – 12. ágúst

Kópasker 20. júní – 18. júlí

Raufarhöfn: frá 7. maí – 7. júní

Annar tími eftir samkomulagi

Möguleiki er að sami starfsmaðurinn sjái um afleysingar á öllum stöðvunum.

Upplýsingar í síma:

464-0600 Þórshöfn

464-0640 Kópasker

464-0620 Raufarhöfn

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

**Tónleikar í Skólahúsinu á Kópaskeri**

Föstudaginn 22. apríl kl. 20:30




Á þessum fyrstu tónleikum Flygilvina á árinu munu þau hjón Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Hjartarson flytja okkur fjölbreytta dagskrá á sinn einstaka hátt.

Miðaverð er kr 1.500
en ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

*Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð.*

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

# Krabbameinsfélag Norðausturlands.

**Tilkynning frá Krabbameinsfélagi Norðausturlands**

Því miður urðu þau leiðu mistök að rukkun vegna félagsgjalds fyrir árið 2016 fóru einungis í heimabanka félagsmanna en ekki var sendur út gíróseðill líka. Þetta varð til þess að þeir aðilar sem ekki eru með heimabanka hafa því miður verið að fá ítrekun síðustu daga án þess að hafa fengið rukkun.

Því miður virðist ekkert hægt að gera í þessu núna og viljum við biðja fólk afsökunar á þessu um leið og við lofum að þetta mun ekki endurtaka sig. Þeir sem hafa greitt félagsgjaldið eftir ítrekunarmiðanum geta haft samand við Maríu gjaldkera í síma 866-1870 og fengið álagið endurgreitt.

Með bestu kveðjum og von um að fólk sýni þessu skilning.

*Stjórn*